

Kalsíumskortur í blóði

eftir skurðaðgerð vegna ofvirks kalkkirtils

Einkenni og meðferð

Eftir að ofvirkur kalkkirtill er fjarlægður, getur styrkur kalsíums í blóði orðið of lágur. Ástandið er yfirleitt tímabundið en nauðsynlegt er að þekkja einkenni og viðbrögð við lækun á kalsíum í blóði. Bregðast þarf við einkennum því þau geta verið alvarleg.

Einkenni lækkunar á kalsíumi í blóði

Væg einkenni:	Alvarleg einkenni:
<ul style="list-style-type: none">Náladofi í höndum og fótum og/eða kringum munnMikil þreytaKvíðiPirringur eða innri óróleikiVöðvaverkir	<ul style="list-style-type: none">VöðvakippirKreppa/stífleiki í úlnliðum, fingrum og lófumKramparErfiðleikar við öndunÓreglulegur hjartsláttur

Viðbrögð við einkennum um lækun kalsíum í blóði

Mikilvægt er að halda ró sinni því einkennin standa yfirleitt stutt yfir. Sérstaklega ber að varast oföndun sem getur aukið á einkennin.

A Væg einkenni

Taka strax tvær 500 mg kalsíumtöflur **eða** fjórar 250 mg töflur (samtals 1000 mg).

- Hverfi einkenni ekki innan 30 mínútna, á að endurtaka skammtinn.
- Hverfi einkenni ekki innan 30 mínútna eftir seinni skammtinn er haft samband við legudeild háls, nef og eyrnadeildar A4 í síma 543 7354.

Ef einkenni hverfa við inntöku á kalsíumtöflum þarf ekki að taka meira nema að einkenni komi aftur fram. Þá er fylgt aftur sömu leiðbeiningum og lýst er að ofan. Oft þarf að taka töflur fyrstu dagana en þörfin minnkar því lengra sem líður frá aðgerð.

B Alvarleg einkenni

Við útbreiddum vöðvakippum/-krömpum, erfiðleikum við öndun, verulegum truflunum á hjartslætti eða flogi á að:

- Taka strax þrjár 500 mg kalsíumtöflur **eða** sex 250 mg kalsíumtöflur (samtals 1500 mg).
- Hringja á 112 og óska eftir aðstoð, þar sem líklegt er að fara þurfi á bráðamóttöku til frekari meðferðar.

Símanúmer

Háls, nef- og eyrnadeild A4	543 7354
Neyðarlínan	112

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.